

Segulspartl

Smart Magnetic Plaster

Smart segulspartlið er hágæða spartl sem umbreytir veggjum í slétta segulmagnaða fleti. Segulspartlið er lausn handa þeim sem vilja gera veggj á skrifstofu, í skólastofu eða heima að öflugum segultöflusvæði. Hægt er að veggfóðra eða mála yfir spartlið til að skapa rými fyrir hugstormun, skipulagsvinnu, verkefnastjórnun, teymisvinnu, glósugerð og o.fl.

Spartlið inniheldur 75% seguljárnstein sem býr til afar öflugan segulflöt. Með einum Neodymium segli er hægt að halda uppi yfir 8 blöðum á segulspartlinu og það heldur segulkraftinum þó að önnur efni séu borin yfir.

Spartlið kemur tilbúið til notkunar og er borið á eins og önnur hefðbundin spörtl. Þegar segulspartlið hefur þornað vel má mála það eða veggfóðra.

- 10 ára ábyrgð
- Heldur 8+ blöðum með einum segli
- Borið á í 2 umferðum
- Tilbúið til notkunar eða yfirmálunar eftir 24 klst
- Tilvalið fyrir ójafna fleti
- Truflar ekki Wi-Fi eða rafbylgjur
- Laust við leysiefni og isocyanates, lágmarks VOC-innihald (rokgjörn lífræn efni)

Tæknilegar upplýsingar

Þekja / Magn / Þyngd – 6 m² / 3.81 / 10 kg

Litur – Svart

Gljái – Matt

Purrktími – 6 klst

Segulefna innihald – 75% seguljárnsteinn

VOC – Undir 13 g/l

Viðeigandi fletir – Veggir, gifs, steypa, viður eða aðrir sléttir fletir

Innihald í pakka

1 x segulspartl (6 m²)



Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Ef flöturinn er ómálaður eða gljúpur skal grunna hann með vatnþynntum grunni
- Hrærið vel í spartlinu
- Berið spartlið á flötinn með 1 kg af spartli á hvern 1 m², það getur hjálpað að vigta 1 kg af efninu í einu og bera það jafnt á í 1 m² reitum.
- Eftir um 1-2 klst þegar spartlið er byrjað að þorna skal nota spartlspaða til að slétta flötinn áður en spartlið nær fullum þurrki
- Seinni umferðin er svo borin á eftir 6 klst með sama hætti og sú fyrsta
- Þegar seinni umferðin er byrjuð að þorna skal slétta úr fletinum með spaða. Hægt er að nota smávegis vatn til að bleyta flötinn ef þess þarf
- Þegar seinni umferðin er þornuð skal skoða spartlið frá mismunandi sjónarhornum. Ef flöturinn er ekki alveg sléttur er hægt að bæta þunnu lagi af spartlinu til að tryggja vegginn sem sléttastan
- Hlífið spartlinu í 24 klst. Kannið vegginn og þússið létt yfir ójafna fleti með sandpappír
- Nú má mála eða veggfóðra flötinn (minnst 12 klst eftir spörtlun)

Leiðbeiningamyndband: <https://www.youtube.com/watch?v=5EMxs6oz7TQ>

